

Almennt um lyf

Hvað eru lyf?

Lyf innihalda aðeins þekkt tiltekin efni í skilgreindu magni.

Lyf eru ætluð fólki eða dýrum til að fyrirbyggja, greina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma, sjúkdómseinkenni og verki eða til að hafa áhrif á líkamsstarfsemi.

Viðamiklar rannsóknir hafa verið gerðar á lyfinu og lyf eru skráð hjá Lyfjastofnun sem hefur eftirlit með gæðum þeirra. Vitað er:

- Nákvæmlega hversu mikið magn er af virku efni í hverju lyfi.
- Hvaða aukaverkanir og milliverkanir fylgja lyfinu.
- Við hvaða aðstæður megi alls ekki nota tiltekið lyf.
- Hversu öryggt lyfið.
- Að framleiðslan er undir ströngu gæðaeftirliti.

Frumlyf - Samheitalyf

Algennt er að lyf hafi tvö nöfn. Framleiðslufyrirtækið gefur lyfinu annað nafnið en hitt nafnið er heitið á virka efninu í lyfinu. Dæmi: *Kaleorid*, en virka efnið í því lyfi er kalíumklóríð.

Lyfjafyrirtæki sem þróar lyf og kemur því á markað hefur einkaleyfi á því í ákveðinn tíma. Þegar einkaleyfið rennur út geta aðrir lyfjaframleiðendur líka framleitt og selt lyfið, jafnvel undir öðru nafni. Virka efnið í lyfinu er alltaf það sama og í upprunalega lyfinu en hjálparefni geta verið önnur. Talað er um samheitalyf þegar lyfið er framleitt af öðru lyfjafyrirtæki en því sem hafði upphaflega einkaleyfið.

Samheitalyf eru mikið notuð enda eru þau oft ódýrari en frumlyfin. Í þeim er sama virka efnið og í upprunalega frumlyfinu og þau eru fánleg í sama styrkleika og skammtastærðum.

Lyfseðilsskyld lyf - lausasölulyf

Lyf eru seld í apótekum.

- Lyfseðilsskyld lyf er eingöngu hægt að kaupa með ávísun frá lækni. Í lyfjagagnagrunni landlæknis eru vistaðar upplýsingar um lyfseðla sem lækna ávísa einstaklingum og afgreiddir eru í apótekum.
- Lausasölulyf eru lyf sem selja má án lyfseðils. Lyfin koma í umbúðum frá framleiðanda, með áprentuðum nauðsynlegum upplýsingum fyrir notandann. Með hverri pakkningu er einnig fylgiseðill með mikilvægum upplýsingum. Ávallt skal lesa fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Fylgiseðlar eru einnig birtir í sérlyfjaskrá. Sala lyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld kemur ekki fram í lyfjagagnagrunninum, né notkun slíkra lyfja á sjúkrahúsinum.

Mismunandi form lyfja

Lyf koma í mismunandi formum og því eru ýmsar leiðir til að gefa lyf. Algengast er að taka lyfin inn um munn, eins og á við um töflur, hylki, dropa og mixtúrur. Síðan eru lyf til notkunar á húð, eins og áburður, krem og smyrslí. Þá eru lyf sem sprautað er í æð, vöðva eða undir húð. Auk þessa geta lyf verið ætluð til innöndunar og eru þá í úðaformi, eins og lyf sem notuð eru í lungu.

Aukaverkanir

Aukaverkanir eru áhrif sem lyf hafa í viðbót við þau sem lækna sjúkdóm eða slá á einkenni hans. Öllum lyfjum geta fylgt aukaverkanir en lyfjameðferð byggist því á því að ávinningur hennar sé meiri en áhættan.

Í fylgiseðli með lyfi er sagt frá aukaverkunum þess. Finni notandi fyrir aukaverkunum eða einhverjum óeðlilegum breytingum á líkamsástandi getur hann leitað upplýsinga í apóteki eða í netspjallinu á heilsuvera.is

Lyfjafræðingar í apótekum svara almennum fyrirspurnum um lyf, hvort sem um er að ræða aukaverkanir, skammtastærðir eða milliverkun við önnur lyf.

Einkenni sem geta bent til aukaverkana:

- Svimi, óstöðugleiki, byltuhætta
- Þreyta, slæving, örmögnun
- Svefntruflanir, martraðir
- Kviðverkir, brjóstverkir
- Höfuðverkur
- Depurð
- Áhyggjur, kvíði
- Píringur
- Minnstruflanir
- Léleg matarlyst
- Munnþurrkur
- Ógleði, uppköst
- Niðurgangur
- Hægðatregða
- Breyting á hjartslætti
- Bjúgur á fótum/ökklum
- Mæði
- Tíð þvaglát, þvagleki
- Kláði, útbrot

Milliverkanir

Notkun tveggja eða fleiri lyfja samtímis getur leitt til þess að ólík lyf hafi áhrif á hvert annað; milliverkun. Milliverkanir geta valdið margvíslegum breytingum á áhrifum lyfs og nýtingu þess í líkamanum. Oft eru milliverkanir verið skaðlegar á þann hátt að lyf geta dregið úr verkun hvert annars eða að aukin hætt

ta er á eiturverkunum ef þau eru tekin samtímis.

Lyf tekin að staðaldri

Tilgangurinn með lyfjnotkun er margs konar. Til að ná hámarksárangri verður að nota lyfin rétt.

Með öllum lyfjum kemur fylgiseðill sem á að kynna sér. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar sem geta verið mjög mikilvægar fyrir notandann. Fylgiseðla lyfja er hægt að nálgast á heimasíðu Lyfjastofnunar.

Í fylgiseðlum eru upplýsingar um:

- Lyfið og við hverju það er notað.
- Hvenær eigi ekki taka lyfið.
- Hvernig á að taka lyfið.
- Hugsanlegar aukaverkanir lyfsins og hvernig bregðast eigi við þeim.
- Hvernig eigi að geyma lyfið.
- Form lyfsins, t.d. töflur, mixtúra og í hvaða skömmtum það kemur frá framleiðanda.

Vakni áhyggjur vegna lyfjatökunnar er hægt að fá aðstoð hjá lyfjafræðingi í apóteki eða í netspjallinu á heilsuvera.is

Á lyfjaumbúðum eru leiðbeiningar frá lækni um hvernig og hversu oft á að taka lyfið. Til að meðferðin skili tilætluðum árangri þarf að fylgja fyrirmælumog vera sáttur við lyfjagjöfina.

Lyf er aðeins ætlað þeim sem það er ávísað á.

Fjöollyfjameðferð

Fjöollyfjameðferð þýðir að mörg lyf eru tekin samtímis.

Lyfjayfirferð einu sinni á ári getur verið mjög gagnleg fyrir einstaklinga sem eru að taka mörg lyf. Þá er talað um yfirferð fjöollyfjameðferðar þar sem læknir eða lyfjafræðingur fer yfir lyfjameðferðina og skoðar öll lyfseðilsskyld lyf, lausasöluþyng, vítamín og bætiefni sem skjólstæðingur er að taka.

Hár aldur og lyf

Með hækkandi aldri (70+) verða breytingar sem geta haft áhrif á lyfjanotkun. Til dæmis hægara niðurbrot lyfja og hægari útskilnaður um nýru. Þessar breytingar geta valdið því að lyf eru lengur að skiljast úr líkamanum og við það geta líkur á aukaverkunum orðið meiri.

Það getur þurft að endurskoða skammtastærðir með hækkandi aldri eða ef breyting verður á annarri lyfjatöku og/eða heilsufari.

Eldra fólk þarf oft minni skammta af sama lyfi en yngra fólk.

Geymsla og förgun lyfja

Lyf koma þeim að gagni sem þau eru ætluð og eru oft lífsnauðsynleg en fyrir aðra geta þau verið hættuleg.

Á umbúðum lyfja kemur fram að þau eigi að geyma þar sem börn hvorki sjái þau né nái til. Mikill misbrestur er á því að fólk fari að þessum ráðum. Börn á aldrinum 7 mánaða til 2ja ára eru í mestri hættu og flest símtöl til Eitrunarmiðstöðvar eru vegna barna á þeim aldri. Með því að geyma lyfin á öruggum stað, sem börn ná alls ekki til, má komast hjá lyfjæitrunum barna.

Ónotuðum lyfjum á að skila í apótek. Á vef Lyfjastofnunar eru góðar ráðleggingar um skil á lyfjum.